



Fundargerð stjórnarfundar nr. 34.

Haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Sauðárkróki fimmtudaginn 16. ágúst 2010, kl. 11.30.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson og Einar E. Einarsson ásamt Ágústi Hafsteinsyni frá arkitektarstofnunni Form ráðgjöf ehf.

Dagskrá

1. Verðkönnun í byggingu Þjónustuhús í Stekkjarvík.
2. Önnur mál.

Magnús setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Opnun á verðkönnun.

Eftirfarandi verktökum var boðið að taka þátt verðkönnun í byggingu þjónustuhús í Stekkjarvík:

- Trésmiðjan Björk, Sauðárkróki
- Trésmiðjan Ýr, Sauðárkróki
- Stígandi, Blönduósi
- K-Tak, Sauðárkróki
- Friðrik Jónsson. Sauðárkróki

Tvö fullgild tilboð bárust í verkið, annars vegar frá Stíganda ehf. á Blönduósi að upphæð kr. 24.153.221.- og hins vegar frá K-Taki á Sauðárkróki að upphæð kr. 29.429.995.-. Kostnaðaráætlun hljóðaði uppá kr. 25.231.655.-.

Leitað var eftir hvort einhverjar athugasemdir væru við verðkönnunina en slíkar athugasemdir komu ekki fram. Undirritað frumrit af öllum viðstöddum með niðurstöðutölum er límt inn í fundargerðarbók. Ágústi falið að yfirfara tilboðin tvö.

2. Önnur mál.

Enginn.

Fundi slitið kl. 12:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson